



Laufblaðið

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands

3. árg. 1994 2. tbl.



“Yrkjum Ísland” - styðjum stofnun fræbanka

Um þessar mundir stendur yfir lokahnykkurinn í söfnun til fræbanka Landgræðslusjóðs, í tilefni af 50 ára afmæli sjóðsins og lýðveldisins. Áform um söfnun sjóðs til að tryggja fræbirgðir í landinu hefur lengi verið draumur skógræktarmanna. Fjöldmargir aðilar hafa á þessu ári lagt áttakinu lið með einum eða öðrum hætti. Hljómlistarmenn hafa farið þar í fararbroddi og síðast þann 1. desember þegar fjöldmargir okkar helstu popp-hljómlistarmanna héldu hljótleika á Hótel Íslandi. Hljómleikarnir voru síðan sýndir á besta útsendingartíma Ríkissjónvarpsins laugardaginn 3. desember. Alla vinnu og undirbúning gáfu hljómlistarmenn. Í kjölfar þessarar sýningar hóf Rás 2 söfnunarátak í morgunútvarpi sem lýkur á Þorláksmessu.

Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi þess að stofnaður verði fræbanki. Nafnið fræbanki gefur einnig vísbendingu um tilgang sjóðsins. Fræbankinn á að rækja það hlutverk að vera óháður sjóður, sem stuðlar að því að fjármagna frækaup af helstu tegundum sem notaðar verða til skóg- og uppgræðslu.

Ef slíkt gengur eftir verður komið í veg fyrir fræþurrð í lengri eða skemmri tíma á vissum tegundum en það er vandamál sem við höfum staðið frammi fyrir. Áhugamenn og einstaklingar um allt land sem vilja leggja sinn skerf til góðs málefnis geta með ýmsu móti tekið þátt í því að láta drauminn rætast. Í bæklingi og hvatningarbréfi, sem sent hefur verið inn á öll heimili í landinu kemur fram með hvaða hætti leggja má Fræbankanum lið.

Með víðtækum stuðningi leggjum við gull í lófa framtíðarinnar.



Göngustígar lagðir í Barmahlíð í Reykhólasveit

Barmahlíð heitir aðal-athafnasvæði - Skógræktarfélagssins Bjarkar á Barðaströnd. Í hliðinni voru friðaðir 10 ha árið 1946 og er það land nú vaxið þétu birkikjarri en á nokkrum stöðum hafa verið gróðursettar ýmsar tegundir barrtrjáa. Þessar aðkomnu tegundir hafa sannað hve skógræktarskilyrði þar eru góð, jafnvel rauðgreni er dökkgrænt án áburðargjafar.

Um þessa hlíð var ort ljóðið Hlíðin mín fríða en það orti Jón Thoroddsen sem fæddist á Reykhólum og var síðar sýslumaður Barðstreninga. Leið hans hefur því oft legið um Barmahlíðina, þar sem hann hefur áð á ferðalögum eða sem stráklingur gætt sauða og tínt ber.

Á vorum tímum hefur ferðamáttinn breyst, áningarstaðir nútímans eru bensínstöðvar og grillskálar og hafa leyst af hólmi grasi grónar lautir og hjalandi læki. Þessu þarf að breyta og hafa skógræktarfélag séð hve mikilvægt það er að gera skógarreiti sína aðgengilega fyrir gesti og gangandi sem um leið eykur umferð ferðamanna til byggðarlagsins.

Í sumar sem leið var hafist handa í Barmahlíðinni við lagningu göngustíga. Starfsmaður Skf. Íslands aðstoðaði við verkið. Unnið var við að

höggva og klippa fyrir stígum og gera skóginn greiðfærari. Við mótun stíganna var það haft að leiðarljósi að hver sem er gæti gengið um þá og um leið séð markverðustu hluta reitsins. Ekki voru stígarnir einungis mótaðir heldur voru lækir brúaðir, gönguleiðirnar merktar með stikum og handmálað skilti sett upp. Á þennan hátt voru um þriggja kílómetra langir göngustígar ruddir á um það bil 90 vinnustundum.

Þeir sem lögðu þessu verkefni lið voru Svanhildur Sigurðardóttir, formaður félagsins, Tómas, Valgeir, Magnús og Egill Sigurgeirssynir og Gústaf Jökull Ólafsson.

Auk þessa var haft samband við Vegagerð ríkisins sem hefur lýst áhuga á að vinna með heimamönnum við gerð áningarstaðis í Barmahlíðinni.



Nýlögð göngubrú í Barmahlíð.

Mynd: Kristín Í. Tómasdóttir.

Fréttir af sitkalús

Eins og margir vita er sitkalús einn af alvarlegustu vágestum á trjágróðri hér á landi. Hún leggst á grenitegundir og veldur barnálaskemmdum og ótímabæru barrfalli. Á Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá er fylgst náið með viðgangi lúsarstofnsins og nýjustu tækni og vísindum beitt í baráttunni við hana.

Í haust hefur verið könnuð tíðni lúsarinnar á svæðinu frá Fljótshlíð og suður og vestur um, allt vestur á Snæfellsnes. Á nær öllum stöðum fannst einhver lús en hvergi í svo miklum mæli að vænta megi verulegs skaða.

Tekin hafa verið sýni af lúsum og send til Danmerkur til dr. Jørgens Eilenbergs sem er sérfræðingur í sveppasýkingum á skordýrum, en sveppir sem drepa skordýr halda oft stofnum meindýra í skefjum. Jørgen hefur fundið á sýni frá Tumastöðum í Fljótshlíð eina sveppategund, *Neozygites fresenii*, en hann er vel þekktur á blaðlúsum erlendis.

Með þessum athugunum getur opnast sú leið að hægt verði að hemja sitkalúsina með því að smita hana með sveppasjúkdómum.

(Höf. Guðmundur Halldórsson, sérfr. Mógilsá)

Frá ritstjóra

Sjötta fréttablað Skf. Íslands lítur nú dagsins ljós. Að þessu sinni er töluvert um aðsendar greinar og er það til mikilla bóta. Mest munar um fjölda greina frá sérfræðingum á Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá. Það stuðlar án efa að auknum áhuga og skilningi bæði starfandi skógræktarmanna og áhugamanna á þeim rannsóknum sem þar eru stundaðar.

Eins og þið, góðir lesendur, takið eftir, verður blaðið áfram prentað í lit. Þrátt fyrir töluverðan kostnaðarauka höldum við þeirri stefnu þannig að myndefnið skili sér til fullnustu. Að öðru leyti er stefnan óbreytt. Með því að setja blaðið sjálfir er kostnaði við setningu og útlitshönnun haldið í lágmarki en það kemur að sjálfsögðu eitthvað niður á útliti blaðsins sem verður ekki eins fagmannlegt fyrir bragðið.

Við tökum á móti öllum fréttum og upplýsingum úr skógræktargeiranum og hvetjum ykkur til að vera ófeimin að senda okkur efni eða hafa samband í síma ef þið hafið frá einhverju markverðu að segja. Því að þótt fréttir þyki léttvægar í föðurgarði geta þær þótt merkilegar í öðrum húsum.

Kortagerðarnámskeið haldið fyrir starfsmenn skógræktarfélaganna

Í haust stóð Skf. Íslands fyrir þriggja daga námskeiði í gerð skógarkorta og söfnun gagna fyrir áætlanagerð. Námskeiðið var haldið fyrir starfsmenn stóru skógræktarfélaganna, Skf. Reykjavíkur og Skf. Eyfirðinga. Bæði þessi félög hafa yfir að ráða faglærðu starfsfólki sem með þjálfun getur sjálft séð um að gera skógarkort og skógræktaráætlanir fyrir lönd félaganna.

Námskeiðið var haldið í húsakynnum Skf. Reykjavíkur í Fossvogi en útihlutinn fór fram í löndum Reykvíkinga, á Reynisvatnsheiði og í Heiðmörk.

Farið var yfir helstu þætti korta- og áætlanagerðar en þeir eru:

1. Greiningarlykill fyrir skógarkortlagningu.
2. Vettvangsvinna við kortagerðina, þ.e. teiknivinna, mat, meðferð og aflestur mælitækja.
3. Innhnitun og frágangur skógarkorts.
4. Gerð skógræktaráætlunar.

Töluverðum tíma var eytt í útvinnuna en það er sá þáttur sem krefst mestrar þjálfunar. Menn létu kuldann ekki á sig fá í heiðríkjunni á Reynisvatnsheiði ofan Reykjavíkur eins og sjá má á meðfylgjandi mynd.

Þátttakendur voru sjö talsins, fimm frá Skf. Reykjavíkur og tveir frá Skf. Eyfirðinga. Einnig var Daði



Þátttakendur rýna á land og loftmynd. Mynd: A.Sn. (S.Í.)

Björnsson áætlanafulltrúi Skógræktar ríkisins með á námskeiðinu en S.r. lánaði teiknitölvu sína og á bestu þakkir skildar fyrir það.

Leiðbeinandi á námskeiðinu var Arnór Snorrason skógræðingur og starfsmaður Skf. Íslands.

Könglakrausar úr íslensku hráefni

Eins og flestir hafa tekið eftir hefur verið mikið af könglum á grenitjám og þá sérstaklega sitkagreni nú í haust. Úr könglunum kemur dýrmætt fræ en þeir eru einnig tilvaldir í jólaskraut eftir að búið er að hrista úr þeim fræið.

Þetta hafa félagar í Skf. Garðabæjar nýtt sér til könglakrausagerðar. Hafa þeir útbúið töluvert af könglakrausum sem seldir hafa verið til fjáröflunar félagsins. Formaður félagsins, Erla Bil Bjarnardóttir hefur einnig haldið nokkur námskeið í gerð könglakrausa í Garðabæ og hafa vinsældir þeirra verið miklar.

Hér á eftir fylgir stutt lýsing frá Erlu á því hvernig kransarnir eru gerðir:

Í undirhringinn eru notaðar gljávíðigreinar, eins til tveggja ára sprotar. Þrjár greinar eru vafðar þétt saman með blómavír. Næst eru tvær könglaraðir vafðar á hringinn með vír, utan á og ofan á hringinn. Vírinn má ekki sjást svo að honum þarf að smeygja varlega milli könglablaðanna aftarlega á könglunum svo að þeir snúi upp. Þriðja könglaraðin er síðan sett inn í hringinn og eru þá notaðir minni könglar. Ef kransinn á að hengja í

glugga þarf fjórðu könglaraðina á botninn á hringnum. Að lokum er kransinn skreyttur eftir smekk hvers og eins. Gott er að úða kransinn með t.d. hárlakki svo að hrynji minna úr honum.

Gleðilegan jólaundirbúning!

Með jólakveðju frá Skf. Garðabæjar, Erla Bil Bjarnardóttir.



Könglakrausagerð í Garðabæ.

Mynd: E.B.B.

Bragðast víðir betur í plastumbúðum?

Víðiskjólbelti meðfram suðurströnd landsins hafa mörg orðið fyrir skakkaföllum hin síðari ár. Flest skakkaföllin má rekja til ófullnægjandi aðlögunar þeirra víðiklóna, sem nú eru í notkun, að hafrænni, umhleyppingasamri veðráttu. Það er því orðið knýjandi nauðsyn að finna víðiklóna, sem rækta má með öryggi og árangri við þessar aðstæður.

Í söfnunarleiðangri Óla Vals Hanssonar og féлага til Alaska haustið 1985 tókst að safna u.þ.b. 1100 klónum margra víðitegunda, sem síðan hefur verið dreift í klónasöfn um allt land. Vorið 1992 valdi Ólafur Njálsson úr 21 víðiklón, sem vænlegastir þóttu til frama í lágsvæitum Suðurlands. Flestir voru af alaskavíði (*Salix alaxensis*) en einnig þrjár klónar af jörfavíði (*S. hookeriana*). Síðsumars 1993 voru lagðar út víðiklónatílaunir á sex stöðum á Suðurlandi, þar sem 23 víðiklónar („Gústa“, „Hríma“ og 21 klónn úr Alaskasöfnuninni 1985) eru bornir saman með tilliti til vaxtarhraða og þrifa. Jafnframt er borinn saman

árangur af mismunandi aðferðum við jarðvegsundirbúning. Samsvarandi tílaunir voru lagðar út með þessum sömu og öðrum víðiklónum á norðanverðu landinu sumarið 1994.

Nýverið lauk fyrstu mælingum á tílauninum á Suðurlandi. Tílaunirnar eru enn of ungar til þess að þær megi nota til þess að skera úr um klónaval, en athyglisvert er, að þær sýna vel áhrif mismunandi aðferða við jarðvegsundirbúning. Í vel unnu landi á framræstri mýri virðist plastþakning (sem unnin var með „Plastlagningarvélinni frá Lágafelli“, og lýst var í Laufblaðinu, 3. árg., 1. tbl.) hafa **neikvæð** áhrif á vöxt víðis, fyrsta árið eftir gróðursetningu. Gera má að því skóna, að þessi áhrif muni snúast við þegar samkeppnin við gras tekur að aukast á næstu árum og plastþakningin fer að halda niðri grasinu. Á þurrum, ófrjóum og ógrónum áraurum (Markarfljótsaurunum) eru áhrif plastþakningar á hinn bóginn jákvæð, bæði á lifun og vöxt víðis. Eru áhrifin á lifun þar sambærileg við áhrif af

notkun Waterworks kristalkyrnis, sem koma á í veg fyrir afföll vegna þurrka. Í Vatnshóli í Austur-Landeyjum og á Sólheimasandi urðu margir klónar alaskavíðis illa fyrir barðinu á grasmaðki vorið 1994. Hins vegar sneiddi hann að mestu hjá jörfavíði og nokkrum klónum alaskavíðis.

Á Markarfljótsaurum komu fram óvænt og óskýrð áhrif plastþakningar á matarsmekk sauðfjár. Í septemberbyrjun s.l. komst tvílemba inn fyrir girðingu og hóf að éta endasprota víðis af áfergi. Hún lagðist þó á víðiklóna af mismiklum þunga. Virtist hún einkum sækjast eftir sprotum jörfavíðiklónanna þriggja. Hún reyndist tvöfalt sólgarnari í þær víðiplöntur, sem gróðursettar voru í plast. Vekur hið síðarnefnda upp atferlisfræðilega spurningu: Er sauðkindin orðin svo mörkuð af umbúðaþjóðfélagi okkar manna, að hún kys fremur mat sinn innpakkaðan í neytendaumbúðir?

(Höf. Aðalsteinn Sigurgeirsson, sérfr. Mógilsá)

Erfðavistfræði Íslenska birkisins



Arlnín Óladóttir og Haukur Ragnarsson safna fræi af 8 m „eik“ s.l. haust í Norðdal í Trostansfirði á Vestfjörðum.

Mynd: Sn.Ba. (R.S.r.)

Oft hefur verið rætt um nauðsyn þess að rannsaka erfðavistfræði íslenska birkisins, þ.e. aðlögun þess að mismunandi vaxtarskilyrðum og umhverfi eftir því hvar á landinu það vex. Þetta má gera m.a. með samanburðar-tílaunum, þar sem birkistofnum eða kvæmum er plantað saman og vöxtur þeirra og þríf borin saman.

Þegar fregnir fóru að berast síðsumars af góðu útliti með fræuppskeru var ákveðið að freista þess að safna birkifræi kerfisbundið um land allt. Valdír voru 42 söfnunarstaðir í öllum landshlutum, bæði út við sjó og fram til dala. Nokkrir staðir bættust við meðan á söfnuninni stóð og einn heltist úr lestinni vegna fræleysis. Þegar upp var staðið var safnað fræi á 44 stöðum. Dagskipunin var að safna fræi af a.m.k. 10 völdum trjám á hverjum stað. Þetta reyndist erfitt norðan- og austanlands vegna fræeklu, en tókst þó víðast hvar. Samtals var því safnað fræi af 440 móðurtrjám. Fræinu verður sáð næsta vor á Mógilsá og plönturnar gróðursettar í tílaunareiti vorið 1995.

Stefnt er að því að tílaunareitirnir verði settir á laggirnar sem víðast um landið svo fá megi góðar upplýsingar um aðlögunarhæfni stofnanna í öllum landshlutum og við mismunandi vaxtarskilyrði. Gert er ráð fyrir að gróðursetja 10 afkvæmi hvernar móður þannig að hver tílaunareitur mun samanstanda af 10 x 440 plöntum og þekja a.m.k. 2 ha lands. Það gefur auga leið að tílaunin verður mjög víðamikil og ljóst að Rannsóknastöðin getur ekki ein og óstudd staðið að henni. **Við leitum því hér með til skógræktarféлага og áhugasamra einstaklinga eftir aðstoð við útvegum tílaunalands, útplöntum og eftirliti með tílauninni. Áhugasamir geta haft samband við undirritaða sérfræðinga á Mógilsá í síma 91-666014.**

(Höf. Snorri Baldursson og Aðalsteinn Sigurgeirsson sérfr. Mógilsá)

Seyrutilraun á Markarfljótsaurum

Fyrir árslok árið 2000 verða sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu að hafa komið sér upp tveggja þrepa hreinsun á öllu frárennsli. Sama er að segja um nokkur minni þéttbýlissvæði í þröngum fjörðum (eins og Akureyri) eða við ferskvatn (eins og Selfoss og Egilsstaðir-Fellabær).

Erlendis eru þess mörg dæmi, að seyra (massinn, sem til verður við tveggja þrepa hreinsun skólps) sé notuð til matjurtaræktar. Þar sem þungmálmur geta verið í talsverðum mæli saman við skólpið, þykir heppilegra að nýta seyruna til ræktunar, sem ekki tengist fæðuhringnum beint. Skógrækt á rýru landi þykir því æskilegasta leiðin til að nýta þessa **auðlind**.

Í júlí sl. voru gróðursettar 16.000 plöntur af fimm tegundum trjáa í seyrutilraun á Markarfljótsaurum.

Sett var í land, sem seyru hafði verið sprautað á, ýmist 100t/ha eða 200t/ha. Jafnframt var til viðmiðunar sett í land, sem seyru hafði ekki verið dreift á. Helmingur hvors reits var plægður fyrir gróðursetningu.

Æskilegt væri að endurtaka tilraunina. Yrði þá síðar prófað að dreifa seyru öðru sinni á eitt og sama svæðið, annars vegar tveim árum eftir gróðursetningu, en hins vegar fjórum árum eftir gróðursetningu. Ekki hefur ennþá tekist að fá fjárstyrk til að endurtaka tilraunina.



Frá tilraunasvæðinu í lok júlí.

Mynd: A.Sig.(R.S.r.)

Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd er talsverður gróður kominn þeim megin, sem seyru var dreift yfir.
(Höf Sigvaldi Ásgeirsson, sérfr. Mógilsá)

Vefræktuð lauftré

Undanfarin tvö ár hefur staðið yfir á Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá verkefni í vefjarækt með það að markmiði að fjölga úrvalseinstaklingum af íslenskum lauftrjám, þ.e. birki, reyniviði og blæösp.

Komið hefur verið á laggirnar vefjaræktarstofu og þar eru ræktaðir 2-3 cm langir sprotar með vefjaræktartækni. Þessum sprotum eða örgræðlingum er síðan hægt að stinga beint í jarðvegsblöndu til rætingar. Rætingaraðferðir eru nokkuð vandasamar og svipar til rætingar sumargræðlinga.

Í rækt á Mógilsá eru nú yfir 50 klónar af birki, 12 af reyniviði og 8 af blæösp. Í sumar voru valin til viðbótar úrvalstré af birki á Fljótsdalshéraði, í Þórsmörk og á Vesturlandi og verða vefræktaðar plöntur af þeim næsta vor. Einnig er stefnt að því að vefrækta alla þekkta blæsparklóna auk þess að bæta við klónum af fallegum reyniviðartrjám.

Skógræktarfélag Reykjavíkur, sem er einn af styrktaraðilum verkefnisins, hefur hingað til séð um framhaldsræktun örgræðlinganna. Fyrsta framleiðslan, um 6.000 græðlingar, fór til skógræktarfélagsins vorið 1992. Þar var um að ræða nokkra valda birkiklóna af höfuðborgarsvæðinu. Nú þegar hefur komið í ljós mikill munur á vexti og viðgangi klónanna.

Síðastliðið vor tók skógræktarfélagið aftur við örgræðlingum, að þessu sinni 10.000 af birki og 2.000 af reyniviði. Skógræktarfélag Eyfirðinga fékk einnig senda 1.000 blæspargræðlinga sem ættaðir eru frá Garði í Fnjóskadal.

Ekkert hefur komið í ljós sem bendir til þess að þessar vefræktuðu plöntur séu verulega frábrugðnar venjulegum fræ- eða stiklingaplöntum. Á næstunni verður því vonandi unnt að gefa fleiri aðilum kost á þessari nýjung í plöntuframleiðslu.

(Höf. Snorri Baldursson, sérfr. Mógilsá)



Fallegur reyniviður frá Sandfelli í Örafum. Neðri mynd sýnir örgræðlinga af Sandfellsreyninum í vefjarækt.

Mynd: Sn.Ba. (R.S.r.)

Skiptiferð Skógræktarfélags Íslands og

Fyrir því er gömul hefð að Skf. Íslands og Det Norske Skogselskap skiptist á fólki á 3- 4 ára fresti. Hefur hingað til lands komið hópur Norðmanna og sambærilegur fjöldi Íslendinga farið héðan. Sá háttur hefur verið hafður á að fólk borgar flugfargjaldið sjálf, vinnur síðan við hin ýmsu skógræktarstörf og þiggur í staðinn fæði og uppihald. Að vinnu lokinni er síðan farið með fólkið í styttri skoðunar- og kynnisferðir.

Nú í sumar var komið að slíkri skiptiferð og kom hingað 51 Norðmaður til tveggja vikna dvalar. Á móti fóru 36 Íslendingar út til Noregs.

Norðmennirnir dvöldu á tveimur stöðum, í Reykholti í Borgarfirði og í Goðalandi í Fljótshlíð. Hópnur var skipt í tvennt og dvaldi fólkið viku á hvorum stað.

Vinnudeginum var háttáð þannig að unnir voru sex tímar á dag. Að vinnu lokinni var farið í kynnis- og skoðunarferðir um héröðin. Um helgina milli vinnuviknanna var farið í lengri ferðir með hópana. Á sunnudeginum var farið á Þingvelli og þar hittust hóparnir og skiptu um rútur. Hópurinn sem hafði verið fyrri vikuna í Reykholti fór austur í Fljótshlíð og öfugt.

Borgarfjörður

Helming dvalarinnar hér á Íslandi dvöldu Norðmennirnir á hinu gamla óðali Snorra Sturlusonar, Reykholti í Borgarfirði. Var það Skf. Borgarfjarðar sem þar tók á móti hópnunum og skipulagði dvölinna ásamt Skf. Íslands.



Norðmenn við gróðursetningu á Réttarnesi í Holta- og Landsveit.



Norðmenn við stígagerð í Daníelslundi. Mynd: J.G.P. (S.Í.)

Umsjónarmenn með hópunum voru Guðmundur Þorsteinsson formaður Skf. Borgarfjarðar og Jón Geir Pétursson frá Skf. Íslands.

Aðalverkefni hópsins Borgarfirði fólst í göngustígagerð í Daníelslundi, en hann er í umsjón Skf. Borgarfjarðar og er um 30 ha að stærð. Hefur verið gróðursett þar allt frá árinu 1961 með mjög góðum árangri og eru hæstu trén orðin um 10 m há. Notað var trjáskurl frá Sorpu í Reykjavík í stígana og lætur nærri að notaðir hafi verið um 100 m³ af því. Vinnan við stígagerðina gekk vonum framár og voru lagðir um eins kílómetra langir stígar. Er því komið ágætt stígakerfi um skóginn sem gerir hann að einu aðgengilegasta skógarsvæði á landinu.

Fljótshlíð

Skf. Rangæinga var sá aðili sem stóð að komu Norðmanna í Fljótshlíð. Það var formaður þess félags, Markús Runólfsson, sem hafði veg og vanda af dvöl þeirra ásamt Boga Franzsyni starfsmanni Skf. Íslands.

Sá hópur Norðmanna sem staðsettur var hverju sinni í Fljótshlíð

Mynd: B.F. (S.Í.)

Det Norske Skogselskap

þjó að Goðalandi en þar er grunnskóli og félagsheimili. Þó að aðstaðan væri frumstæð undu allir við sitt og sváfu vel.

Unnið var við gróðursetningu trjáplantna í girðingar Landgræðsluskóga í Rangárvallasýslu. Gróðursettar voru um 140.000 plöntur. Vinnugleðin hjá þessu duglega fólki var slík að það sleppti jafnvel að taka sér matartíma á hádegi til þess að verða fyrir búíð með það plöntumagn sem var áætlað fyrir daginn.

Gróðursetningu var lokið með viðhöfn á hverju svæði. Voru þá gróðursettar nokkrar stórar reyniviðarhríslur og hverjum „lund“ gefið nafn. Útbúin voru skilti úr rekaviðarfjöllum útskorin af norskum hagleiksmönnum með nöfnum „lundanna“.

Þessi blanda af vinnu, náttúruskoðun og samskiptum við Íslendinga gerði það að verkum að norsku gestirnir upplifðu þjóð og land á allt annan hátt en hinn venjulegi ferðamaður sem situr í rútunni á milli áætunarstaða. Svona heimsóknir eru geysilega mikilvægar þar sem skilningur og samheldni milli þjóða eykst og er það næsta víst að við höfum eignast 51 norskan málsvara í Noregi.

Það var þreyttur en ánægður hópur sem hélt af landi brott þann 7. ágúst síðastliðinn og voru margir ákveðnir í að koma aftur að fjórum árum liðnum.

vel tekið og fengu þátttakendur að sjá margt nýstárlegt, sem vafalaust á eftir að gerjast hér heima. Farið var með hópinn á marga merka sögufræga staði og náttúrufegurð landsins skoðuð. Það voru þreyttir en ánægðir ferðalangar,

sem komu frá Þrándheimi í byrjun ágúst sl. Næsta skiptiferð félaganna verður farin að fjórum árum liðnum.

Staðfestið þátttöku í tíma!



Íslendingar tilbúnir í slaginn í Hattfjelldal.

Mynd: B.J. (S.I.)

Íslendingar á ferð um Hálogaland

Íslensku þátttakendurnir héldu til á Hálogalandi skammt sunnan við heimskautsbaug og var skipt niður á þrjá staði, Alstahaug, Mosjøen og Hattfjelldal og er hver staður með sínu móti. Þessa fjórtán daga sem við dvöldum þarna lék veðrið við „hvurn sinn fingur“ og hefur ekki önnur eins hitabylgja komið í Norður-Noregi síðustu 30 árin. Það voru því oft og tíðum sveittir, sólbrenndir, þyrstir, og stunguhrjádír skógarmenn ofan af Íslandi, sem tóku þátt í gróðursetningu, stígagerð, smíðum, heyskap, arfareytingu og veiðiskap auk annarrar skemmtunar. Ferðir þessar eru tilvalið tækifæri fyrir þá sem vilja kynnast og sjá Noreg og upplifa skógrækt í skógivöxnu landi.

Íslenska hópnun var ákaflega



„Smuguveiðar“ Ólafs Steinssonar (t.v.) og Péturs Ingólfssonar gengu misjafnlega.

Mynd: B.J. (S.I.)



Enn um blæösp

Í síðasta ársriti Skf. Íslands birtist grein um blæösp og nýja fundarstaði hennar. Því miður féllu niður skýringar sem fylgja áttu útbreiðslukorti sem fylgdi greininni. Hér verður bætt úr þessu og kortið birt með skýringartexta. Að auki vill Þórarinn Benedikz höfundur greinarinnar koma á framfæri nýjum upplýsingum um íslensku blæöspina.

Í greininni var farið með fundarár asparinnar í Garði í Fnjóskadal. Bóndinn í Garði rakst fyrst á öspina árið 1905, ekki 1911. Einnig hefur hún fundist á nýjum stað í Garði, 400 m sunnan við Klauflægjargil, í gildragi sem er á merkjum Garðs og Ytra-Hóls. Landið þar er afgirt og friðað fyrir beit og nýtur öspin þess. Hæsta hrísan nær manni í mitt læri og mikið er um ungar plöntur í nágrenni hennar.

Komið hefur á daginn að sú fullyrðing að öspin hafi aldrei blómstrað er að öllum líkindum röng. Skömmu eftir að ársritið kom út, hringdi Baldvin Atlason í greinarhöfund og sagðist hafa heyrt að öspin á Hallbjarnarstöðum í Reykjadal, sem var plantað þar 1920 og fengin frá Garði, hefði blómstrað fyrir um 30 árum. Haft er eftir Helga Sigtryggssyni bónda á Hallbjarnarstöðum að snemma sumars 1960 hafi hann orðið var við undarlegan vöxt í öspinni. Hafði hann samband við Hákon Bjarnason sem taldi að hér væri um blómgun að ræða. Því miður eru ekki til frekari lýsingar á blómunum og ekki fylgir sögunni hvers kyns þau voru. Hins vegar tók sonur Teits Björnssonar bróðursonar Helga, sýnishorn af blómunum og geymdi það í plöntusafni sínu. Plöntusafnið gaf hann síðar Framhaldsskólanum á Laugum. Væntanlega liggja sönnunargögnin enn á Laugum og bíða frekari skoðunar. (Höf. Þórarinn Benedikz, sérfr. Mógilsá)

Þekktir fundarstaðir blæaspar:

1. Garður, Fnjóskadal- fundin 1905 og 1991 (í gili á mörkum Garðs og Ytra-Hóls)
2. Gestsstaðir, Fáskrúðsfirði - fundin 1948.
3. Egilsstaðaskógur - fundin 1953.
4. Jórvík, Breiðdal- fundin 1953.
5. Strönd, Stöðvarfirði - fundin 1959 og 1966.
6. Höfði, Vallahreppi - fundin 1993.

Helstu staðir þar sem blæösp hefur verið gróðursett:

- A. Vaðlareitur, Eyjafirði.
- B. Grund, Eyjafirði.
- C. Hof, Vatnsdal.
- D. Múlakot, Fljótshlíð.

Kamtsjatkaplöntur

Örugglega hafa margir hug á því að fréttu eitthvað af gróðrinum sem þeir Brynjólfur Jónsson og Óli Valur Hansson voru að safna austur á Kamtsjatkaskaga í fyrrihaust.

Græðlingaefnið sem þeir félagar komu með var rætt hjá Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá og alið þar upp í bökkum, en um er að ræða mörg kvæmi af austurasíuösp, ýmsar víðitegundir og kesja (*Chosenia arbutifolia*). Alls var stungið niður um 9.000 græðlingum og yfir 6.000 mynduðu rætur.

Nokkuð af umræddum plöntum var gróðursett í síðustu viku september á Vöglum í Fnjóskadal. Annar hluti fór

austur að Hallormsstað og er búið að gróðursetja öspina en víðirinn verður settur niður að vori. Einnig stendur til að gróðursetja í land á Mógilsá sem er þegar búið að vinna.

Nokkru er búið að sá af runnafuru. Hún spíraði mjög misjafnlega og verður því að sá einhverju aftur. Er líða tekur á veturinn verður farið að sá þin, lerki, greni, birki, elri og ýmsum fleiri trjám og runnum.

Uppeldið mun allt fara fram á Mógilsá og verða undir umsjón sérfræðinganna Aðalsteins Sigurgeirssonar og Þórarins Benedikz.

(Höf. Óli Valur Hansson)



Aðalfundur Skf. Íslands á Kirkjubæjarklaustri

Aðalfundur félagsins var að þessu sinni haldinn á Kirkjubæjarklaustri 26.-28. ágúst í tilefni af 50 ára afmæli Skógræktarfélagsins Markar. Með tilkomu nýs hótels á Klaustri var ekki vandamál að hýsa og taka á móti 150 fulltrúum og gestum. Utan hefðbundinna fundarstarfa má nefna eftirtektarverð erindi þeirra Páls Skúlasonar, prófessors í heimspeki við Háskóla Íslands og Harðar Kristinssonar grasfræðings, forstöðumanns Náttúrufræðistofnunar Íslands á Akureyri. Ályktanir fundarins voru fjölmargar og má þar nefna áskorun til landbúnaðar- og fjármálaráðherra um að tryggð verði sérmerkt fjárveiting á fjárlögum til plöntukaupa til landgræðsluskóga. Þá lýsti fundurinn yfir áhyggjum af fyrirsjáanlegu landleysi til skógræktar og uppgræðslu á næstu árum.

Fundarmenn fóru í kynnisferðir í næsta nágrenni Klausturs. Komið var víða við, m.a. skoðuð rættun Björns Jónssonar á Sólheimum sem er lýsandi dæmi um þrautseigju og úrræðasemi áhugamannsins. Á Stjórnarsandi, sem er í dag eitt aðal-athafnasvæði skógræktarfélagsins, skoðaði hópurinn tilraunaskjólbelti, landgræðsluskóga og það nýjasta nýtt, en það er ferðamanna-reiturinn vestast á sandinum. Að síðustu var komið við í trjásafni sem sett hefur verið á stofn á Prestbakka.

Heimsókn í Holtsdal í nágrenni Klausturs var mjög eftirminnileg. Innst í dalnum er gamall reitur skógræktarfélagsins og er tilkomumikið að sjá sitkagrenið teygja sig upp til himins. Seðlabanki Íslands keypti Holtsdal fyrir nokkru og hefur reist þar sumarhús fyrir starfsmenn sína. Þeir stunda þar mikla skógrækt og hefur Skf. Mörk átt gott samstarf við starfsmenn Seðlabankans. Tóku þeir vel á móti fundarmönnum og buðu upp á veitingar.

Fundurinn tókst í alla staði vel og var gestgjöfunum, Skógræktarfélaginu Mörk, til mikils sóma. Næsti aðalfundur verður í boði Skógræktarfélags Austurlands á Fljótaldalshéraði í byrjun september 1995.



Fundarmenn samankomnir í Holtsdal.

Mynd: J.G.P. (S.Í.)

Og þá var ort og kveðið!

Í glaðværum hópi og á góðri stund eins og á aðalfundum Skf. Íslands kemur oft andinn yfir skáldin en þau eru ekki fá í hreyfingu skógræktarféлага. Hér birtum við nokkur gullkorn er hrundu af vörum Ragnars Olgeirssonar við viðeigandi tækifæri.

Ragnar hlustaði eins og aðrir á langt og fróðlegt erindi Páls Skúlasonar. Páll nefndi þar m.a. að í ritgerðum um skógrækt hefði Sigurður Blöndal fyrrv. skógræktarstjóri vísað í allar áttir varðandi markmið skógræktar en ekki valið neitt þeirra sérstaklega en það gæti að hans mati líka verið kostur. Og þá kvað Ragnar:

**Rækta tré á Sprengisandi
segir vera óráð mesta
Páli finnst það lýti á landi
og lúpínuna ekki besta.**

**Sigurður með fum og fálum,
finnst mér vel um slíka.
Það er eins og syngja sálm,
„sjarmerandi“ líka.**

Eins og áður sagði tóku starfsmenn Seðlabankans vel á móti fundarmönnum í Holtsdal. Björn Tryggvason fyrrv. bankastjóri lýsti í nokkrum orðum framkvæmdum í Holtsdal en hann hefur sinnt því málefni af lífi og sál. Skógræktarmenn

eru nú ekki alveg ókunnugir starfsmönnum Seðlabankans en einn bankastjóra hans, Birgir Ísleifur Gunnarsson, er ötull skógræktarmaður og hefur setið marga aðalfundi sem fulltrúi Skf Reykjavíkur. Og í Holtsdal kvað Ragnar:

**Björn sem áður turna byggði,
breitt og vítt um Borgarfjörð.
Festi byggð og trútt hér tryggði.
Tekur oss blítt á bankans jörð.**

**Seðlabanka lipurt lið
ljúft er að hitta slíka
aurana mesta eigum við
og hann Birgi líka.**

**Þökkum fyrir þessa stund,
það er gott að vera hér.
Virkjum núna vinafund,
vinsemd græðir holtin ber.**

**Að gróðursetja grænan skóg
gleði fylgir líka.
Verður af því yndi nóg
ástin hittir slíka.**

**Komum nú í Holtið heim
hér mun nóg að gera.
Viðtökurnar þökkum þeim.
Þar mun gróskan vera.**

Sólúr reist í Kjarnaskógi

Laufblöðungur átti leið um Kjarnaskóg í Eyjafirði síðastliðið sumar og rakst þar á sérkennilegt fyrirbæri sem vakti athygli hans. Minnti það helst á líkneski norðuramerískra indíána eða skurðgoð frumbyggja á Borneó.

Þar sem Laufblöðungi var ekki kunnugt um neina slíka hjá Skógræktarfélagi Eyfirðinga, sem hefur umsjón með skóginum, fór hann að grennslast fyrir um tilurð þessa fyrirbæris. Reyndist þetta vera sólúr sem reist var á landsmóti skáta árið 1993 í skóginum.

Eins og sést á myndinni er það gert úr fjölmörgum trélikneskjum sem mynda hring umhverfis stóra nál. Er nálin um fjögurra metra há, gerð úr rekaviði, en líkneskin í kringum það eru um 1 m að hæð, gerð af lerki úr Kjarnaskógi. Eru líkneskin mannhöfuð, stórgerð mjög og svo svipmikil að maður getur ekki annað en spurt sig þess hverjar fyrirmyndirnar séu. Útbjuggu skátarnir á landsmótinu 40 líkneski, eða eitt fyrir hvern skátaflokk.

Hönnunin, uppsetningin og önnur



Sólúrið í allri sinni dýrð.

Mynd: J.G.P. (S.Í.)

smíði var unnin af Skógræktarfélagi Eyfirðinga.

Var það Aðalsteinn Sigfússon, starfsmaður félagsins, sem hannaði sólúrið og sagaði einnig út hluta af

líkneskjunum með keðjusög. Ætti þetta merkilega sköpunarverk ekki að fara fram hjá neinum sem á leið um Eyjafjörð, enda einstakt á landinu.

Árbók Landgræðslu ríkisins 1994 Græðum Ísland er komin út.

- Í bókinni eru 22 aðgengilegar greinar um gróðurvernd, landgræðslu og náttúru Íslands.
- Bókin, sem er 184 bls., er prýdd fjölda litmynda.
- Ómissandi bók fyrir alla sem unna gróðri landsins.
- Tilvalin gjöf til ræktunarmannsins.

Tekið er á móti pöntunum í síma: 98-75500, 91-29711 eða í bréfasíma 98-75510. Við minnum einnig á fræðslumyndbönd okkar og fyrri árbækur sem enn eru fáanlegar.

Græðum landið fyrir framtíðina

Áburðarverksmiðjan býr að 40 ára reynslu og þekkingu í framleiðslu áburðar. Þar eru nú framleiddar 16 tegundir af tilbúnum áburði.

Auk þess hefur verksmiðjan á boðstólum innfluttan áburð í úrvali.

Stuðlum að því að græða landið fyrir okkur og komandi kynslóðir.




ÁBURÐARVERKSMIÐJAN HF.

Fréttir af landgræðsluskógum

Gróðursetning landgræðsluskóga gekk í alla staði vel enda var einmuna veðurblítt sumar gott til allra verka. Eins og sjá má af tölunum sem birtar eru hér var plantað heldur færri plöntum en undanfarin ár, alls um 900.000 stk. Það er því alls búið að gróðursetja á vegum landgræðsluskóga um 5.300.000 plöntur. Enn erum við þó langt frá markmiðinu um að planta 20 milljónum fyrir aldamót og ljóst er að auka þyrfti árlega útplöntun verulega til þess að það markmið gæti orðið að raunveruleika.

Það kom a.m.k. glögglega fram í sumar að 900.000 plöntur duga skammt til að mæta eftirspurn eftir plöntum í landgræðsluskógasvæðin.

Það virðist vera nokkuð ljóst, að hið opinbera mun styrkja landgræðsluskógræktina áfram með því að afhenda plöntur til hennar. Skf. Íslands hefur átt viðræður við landbúnaðarráðherra og hefur hann lýst það vilja sinn að ríkissjóður tryggi afhendingu plantna til næstu þriggja ára. Á næsta ári kemur stór hluti plantnanna frá gróðrarstöðinni Barra á Egilsstöðum. Skógrækt ríkisins ætlar að leggja til viðbótar eins mikið og unnt er úr sínum gróðrarstöðvum. Það stefnir því í að framboð plantna í landgræðsluskóga verði betra en það var í sumar og eru það gleðitíðindi.

Plöntur gróðursettar í landgræðsluskóga 1994

Tegund:	Fjöldi	Hlutfall
Loð x gulvíðir	360	0,04%
Lindifura	450	0,05%
Loðvíðir	500	0,06%
Glitvíðir	1.000	0,11%
Gulvíðir	1.000	0,11%
Seljuvíðir	1.000	0,11%
Síberíulerki	1.120	0,13%
Gráelri	1.325	0,15%
Viðja	1.500	0,17%
Runnafura	1.722	0,19%
Bergfura	1.784	0,20%
Hvítgreni	1.820	0,20%
Hengibirki	2.292	0,26%
Alaskavíðir	2.760	0,31%
Mýralerki	4.606	0,52%
Fjallafura	4.920	0,55%
Alaskaösp	6.755	0,76%
Sitkabastarður	9.330	1,05%
Evrópulerki	10.591	1,19%
Kjarrelri	16.320	1,83%
Blágreni	31.760	3,57%
Sitkaelri	37.500	4,21%
Stafafura	65.470	7,35%
Rússalerki	112.236	12,61%
Sitkagreni	115.609	12,98%
Birki	456.644	51,29%
Samtals	890.374	100,00%



STYRKJUM LANDGRÆÐSLU MEÐ

NORÐDEKK

Mest seldu dekk á Íslandi

Íslensk framleiðsla á frábæru verði



Gúmmivinnustofan hf.

Af hverjum seldum hjólabarða renna 10 kr. til Landgræðslu ríkisins

Réttarhálsi 2, s. 814008 & 814009 Skipholti 35 s. 31055

Toyotaskógarnir

Á liðnu sumri var tekinn upp þráðurinn í samstarfi skógræktarfélaganna við Toyotaumboðið en það hófst árið 1990. Fjögur skógræktarfélög fengu úthlutað styrk til útplöntunar og umhirðu á nýmörkum Toyotaskóganna.

Varmaland í Borgarfirði

Skógræktarfélag Borgarfjarðar stendur fyrir framkvæmdum á Varmalandi en þar hófst einmitt samstarfsverkefnið 1990. Gróðursettar voru um 200 vöxtulegar birkiplöntur og á næsta ári er gert ráð fyrir að vinna að umhirðu og áburðargjöf.

Sandar í Dýrafirði

Stuðningur Toyota hefur verið mikil lyftistöng fyrir starfseminu í Dýrafirði og ekki veitir af, því að það er mikið verk fyrir lítið skógræktarfélag að ráðast í skógrækt á jafn-stóru svæði og Sandar eru. Árangur skógræktarinnar lofar góðu og hefur landið tekið stakkaskiptum á síðustu árum.

Reykjahlíð í Mývatnssveit

Á þessu svæði er það Skógræktarfélag S.-Þingeyinga sem stýrir ræktunarframkvæmdunum. Á svæðinu í Reykjahlíð hefur illa gróið land verið tekið til ræktunar. Byrjað var á því að dreifa lífrænum áburði á sandinn. Með því móti hefur myndast gróðurpekja á svæðinu, sem trjáplöntur hafa verið gróðursettar í. Toyotadagur var haldinn í samvinnu við umboðsmann á Húsavík. Gróðursettar voru 1000 lerkiplöntur á svæðinu með aðstoð um 30-40 sjálfbóðaliða og vegleg grillveisla haldin að verki loknu.

Reyðarfjörður

Umsjón með framkvæmd hafði Skógræktarfélag Reyðarfjarðar og var haldinn gróðursetningardagur í lok ágústmánaðar í samvinnu við umboðsmann Toyota á Austurlandi. Frekar dræm mæting dró ekki kjarkinn úr stjórn félagsins, sem gróðursetti trjáplöntur í Toyotareitinn en grillveislunni var aflýst að sinni.

Um leið og Toyota er þakkað fyrir ánægjulegt samstarf er rétt að benda fyrirtækjum á að tækifærin til að styðja við skógræktarfélögin sem eru 51 talsins eru víða fyrir hendi.

Breytingar á lögum um landgræðslu?

Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp nr. 239 um breytingar á lögum um landgræðslu.

Í frumvarpinu kemur ekkert fram sem stuðlað gæti að því að efla eða auka uppgræðslu.

Breytingarnar virðast fyrst og fremst einskorðast við það að sníða landgræðslu þrengri stakk hvað varðar notkun innfluttra tegunda. Allir sem láta sig þessi mál varða ættu að kynna sér frumvarpið en lítið hefur farið fyrir því í fjölmiðlum.



Óskar Ágústsson ritari Skf. Reyðarfjarðar meðal stafafura í Toyotaskóginum á Reyðarfirði sem dafnað hafa vel.

Mynd: A.Sn. (S.Í.)

Fulltrúafundur skógræktarfélaganna

Ákveðið hefur verið að halda fulltrúafund skógræktarfélaganna í Reykjavík í marsmánuði 1995. Síðustu ár hafa slíkir fundir verið haldnir og þátttaka verið góð. Á fundunum hefur verið tekið á ýmsum brennandi málum. Þeir hafa ýmist verið nokkurskonar vinnufundir eða eingöngu fræðslufundir eins og raunin var síðastliðinn vetur.

Fundurinn í mars n.k. mun verða helgaður undirbúningi skógræktarfélaganna og þátttöku þeirra í Náttúruverndarári Evrópu næsta sumar.



FLUGLEIÐIR & REISLÝFINGASTOFNAN hf. Líkamynd: Sigurjón Sigurjónsson

Hver á sér fegra föðurland

Við bjóðum

- tíðar flugferðir milli Reykjavíkur og stærri þéttbýlisstaða hringinn í kringum landið.
- gistingu á tveimur af bestu hótélunum í Reykjavík; Scandic Hótel Esju og Scandic Hótel Loftleiðum.
- bíla af öllum stærðum hjá Bílaleigu Flugleiða / Hertz.

FLUGLEIÐIR 
þjóðbraut innanlands

Jólapakkinn 1994



Jólapakkatilboð Póstisins



Umbúðir og
burðargjald
á aðeins
310 kr.
hvert sem er
innanlands,
óháð þyngd.

Jólapakki Póstisins er einn ódýrasti, þægilegasti og öruggasti sendingarmátinn fyrir jólagjafirnar í ár. Þú greiðir aðeins **310 kr.** fyrir umbúðir og burðargjald, **óháð þyngd** og það skiptir ekki máli hvert þú sendir pakkann hér innanlands – gjaldið er alltaf það sama.

Jólapakkatilboð Póstisins gildir frá 1.-24. desember 1994.

Umbúðir stærð B
(23x31x12 cm)
+ burðargjald = 310 kr.
Má senda hvert sem
er innanlands.



PÓSTUR OG SÍMI

Við spörum þér sportu

Ferðamannaskógar - hvað er nú það?

Flykkjast ferðamenn til Íslands til að taka þátt í að klæða landið skógi á ný? Svarið er já ef fram heldur sem horfir.

Erlendir ferðamenn sem hingað koma árlega eru orðnir hátt í 200 þúsund. Innan um allan þennan fjölda eru margir, sem vilja gjarnan leggja eitthvað af mörkum í þeirri viðleitni sem skógrækt á Íslandi hefur stefnt að, þ.e.a.s. að auka við skóglendi landsins.

Hin venjulegi „túristi“ sem hingað kemur hefur áreiðanlega ekki miklar áhyggjur af skógleysi eða landeyðingu. Það er hins vegar áhugavert frá sjónarhóli ferðamannsins ef honum er boðið upp á athöfn eða viðburð þar sem hann skilur einhver varanleg spor eftir sig. Athöfn sem hann á væntanlega aldrei eftir að upplifa eða framkvæma aftur í lifanda lífi. Athöfnin getur t.d. verið gróðursetning þar sem ferðamaðurinn skilur eftir sig táknaert spor. Hann hefur jafnframt lagt sitt af mörkum til góðs

málstaðar. Hann tekur þátt í að skapa betra umhverfi á viðkomandi stað. Ferðalangurinn hefur með þessum atburði einnig tekið þátt í að skapa betra loftslag á jörðinni með skírskotun til þess að koltvísýrings-magn og gróðurhúsaáhrif þekkja ekki landamæri.

Ferðalangurinn fer ánægður og sæll í sinni af landi brott og ef til vill kemur hann aftur.

Skógræktarfélag Íslands ásamt aðildarfélögum hefur unnið með nokkrum öðrum að þróun og samstarfi á þessu sviði.

Á liðnu sumri hófst samstarfsverkefni við Ferðaskrifstofu Íslands og Edduhótelin. Verkefnið var styrkt af ferðaskrifstofunni en S.Í. sá um undirbúning verksins. Tveir staðir voru valdir: Stjórnarsandur við Kirkjubæjar-klaustur og reitur á Þelamörk í Eyjafirði.

Nokkur hundruð ferðamanna tóku þátt í gróðursetningu trjáplantna og mæltist þessi frumraun vel fyrir. Ákveðið er að framhald verði á verkefninu á næsta ári.

Fleiri hafa sýnt áhuga á verkefnum af þessu tagi, m.a. ferðaskrifstofan Kneissl Touristik en hún hefur verið í samstarfi við Vestfjarðaleið hf. Leiðsögumenn hópanna hafa lagt áherslu á að kynna ferðamönnum þau vandamál, sem Íslendingar eiga við að glíma í skógrækt og landgræðslu. Hefur það vakið áhuga þeirra og létu þeir meðal annars fé af hendi rakna til stuðnings skógrækt. Rætt hefur verið um að skipuleggja ferðir gagnert með það í huga að bjóða upp á gróðursetningarferðir til Íslands.

Allt í garðinn

Nýju Wedevåg verkfærin
eru traust, eiguleg og vinnuvæn



- ➔ Nýtt handfang úr styrktu nylon efni hallar til að gefa betra grip.
- ➔ Skaftið er að mestu klætt með heilum járn-hólki og styrktu nylon efni sem margfaldar endinguna.
- ➔ Skaftið fer einkar vel í hendi og á því eru engin hnoð eða skrúfur sem geta skaðað hendurnar.
- ➔ Ástigið og skóflublaðið er sérstaklega styrkt til átaka.
- ➔ Wedevåg gæðin kosta ekkert meira.



ELLINGSEN

Grandagarði 2, Rvík. sími 28855, grænt númer 99-6288

NORBERGS WEDEVÅG
REDSKAP

Skógræktarritið

Vandað tímarit,
þar sem á ítarlegan og aðgengilegan hátt er
fjallað um skógræðileg efni.
Ritið kemur út einu sinni á ári.

Gerist áskrifendur!

Skógræktarfélag Íslands, Ránargötu 18,
101 Reykjavík, sími: 91-18150

Laufblaðið

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands.
3. árgangur, 2. tölublað,
desember, 1994.

Útgefandi: Skógræktarfélag Íslands.

Ábyrgðarmaður: Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri.

Ritstjóri: Arnór Snorrason.

Prentun: Prentsmiðjan Edda.

Gefið út í 7 þúsund eintökum.

Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu þessa blaðs og óska landsmönnum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Akureyrarbær	Kópavogsbær
ALP Bílaleigan	Landgræðsla ríkisins
Áburðarverksmiðja ríkisins	Landgræðslusjóður
Ásbjörn Ólafsson hf	Landsvirkjun
Barri hf	Mjólkurfélag Reykjavíkur
Blikksmiðjan - tæknideild ÓJK	Morgunblaðið
Blómaval	Mosfellsbær
Borgarbyggð	Neskaupsstaður
Borgarhreppur	Osta- og smjörsalan
Búnaðarfélag Íslands	Ólafsfjarðarbær
Eiðahreppur	Penninn
Ellingsen	Póstur og sími
Eyja- og Miklaholtshreppur	Rafmagnsveitur ríkisins
Ferðafélag Íslands	Rannsóknaráð Íslands
Flugleiðir hf	Raufarhafnarhreppur
Fuji umbodið, Ljósmyndavörur hf	Reyðarfjarðarhreppur
G. Ben./ Edda hf	Seltjarnarneshreppur
Garðyrkjufélag Íslands	Síld og fiskur
Garðyrkjustjórinn í Reykjavík	Skaftárhreppur
Gúmmivinnustofan	Skeljungur hf
Hafnarfjarðarbær	Skinney hf
Hagkaup	Skilmannahreppur
Hans Petersen hf	Skorradalshreppur
Héraðsskógar	Skógræktarfélag Reykjavíkur
Hitaveita Reykjavíkur	Skógrækt ríkisins
Hofshreppur	Sveinn Jónsson og Haukur Gunnarsson
Höfðahreppur	lögiltir endurskoðendur
Hótel Edda, Kirkjubæjarklaustri	Umbúðamiðstöðin
Hríseyjarhreppur	Villingaholtshreppur
Innri-Akraneshreppur	Vopnafjarðarhreppur
Ísól hf	Vöruflutningamiðstöðin
Jökuldalshreppur	Þingeyrarhreppur
Kexverksmiðjan Frón	Ölfushreppur